

Nr. 102 / 16 Sandra SU 21**Vélavana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6897
Útgerð: Austursigling ehf
Smíðaður: Vogar 1983, plast
Stærð: 8,9 brl. 8,4 bt.
Mesta lengd: 9,72 m Skráð lengd: 9,7 m
Breidd: 2,88 m Dýpt: 1,69 m
Vél: Volvo Penta 159 kW, 2005
Fjöldi skipverja: 1



Sandra©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 20. febrúar 2017 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 2. desember 2016 var farþegabáturinn Sandra SU 21 á siglingu út af Austfjörðum á leið til Seyðisfjarðar. Veður: SSV 9 m/s.

Á siglingunni varð báturinn vélarvana og óskað var eftir aðstoð hjá Vaktstöð siglinga. Björgunarskipið Hafbjörg dró Söndru til hafnar á Norðfirði.

Við rannsókn kom fram:

- að verið var að ferja bátinn til Seyðisfjarðar en skipstjórinn hafði verið að kaupa hann;
- að rafmagnskapall sem lá frá vélinni og upp í stjórnborðið fór í sundur;
- að ekki var til varakapall um borð og því var ekki hægt að lagfæra bilunina úti á sjó.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.